

Sþ.

622. Fyrirspurnir.

[155. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um lán Búnaðarbankans af gengishagnaði.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Hefur Búnaðarbankinn fengið þau lán, sem skylt er að veita honum af gengishagnaði samkvæmt 2. gr. laga nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.?
2. Hefur gengishagnaðurinn verið afhentur ríkissjóði?

II. Til ríkisstjórnarinnar um byggingarkostnað nýju síldarverksmiðjunnar á Siglufirði og Skagaströnd.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Hefur farið fram fullnaðarendurskoðun á reikningsskilum byggingarnefndar nýju síldarverksmiðjanna á Siglufirði og Skagaströnd um byggingarkostnað verksmiðjanna? Ef svo er, hafa endurskoðendur staðfest reikningsskilin athugasemdalaust? Hafi þeir ekki gert svo, hvaða meginathugasemdir hafa þeir gert?

III. Til ríkisstjórnarinnar um lán byggingarsjóðs af gengishagnaði.

Frá Rannveigu Þorsteinsdóttur.

Hefur byggingarsjóður verkamanna fengið lán þau, sem skylt er að veita úr ríkissjóði af gengishagnaði samkv. 2. gr. laga nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.?

IV. Til ríkisstjórnarinnar um gengisskráningu ítalskrar líru.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni og Haraldi Guðmundssyni.

Hvers vegna hefur gengi lírunnar ekki verið skráð samkvæmt 1. gr. 1. nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.?

V. Til ríkisstjórnarinnar um endurskoðun launalaganna og greiðslu uppbóta á laun opinberra starfsmanna.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni og Haraldi Guðmundssyni.

Hefur ríkisstjórnin í hyggju að leggja fyrir það þing, er nú situr, frv. til nýrra launalaga? Ef svo er ekki, hvað hyggst ríkisstjórnin þá fyrir um greiðslu uppbóta á laun opinberra starfsmanna, þar til ný launalög verða sett?

VI. Til ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun á gengishagnaði samkv. 2. gr. 1. um gengisskráningu o. fl.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni.

1. Hverju nemur gengishagnaður sá, er um ræðir í 2. gr. 1. nr. 22 1950, um gengisskráningu o. fl.?
2. Hver verður hluti byggingarsjóðs verkamanna?
3. Er sá hluti tilbúinn til ráðstöfunar til byggingar nýrra verkamannabústaða?